

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu á Selfossi.

1. gr.

Bæjarstjórn Selfoss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

- A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 5.500 á íbúð.  
Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar.  
Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	kr.	Flokkur	kr.
1	6.800	6	103.200
2	13.800	7	137.500
3	20.700	8	171.500
4	41.300	9	206.300
5	68.800	10	240.700

Aðilar sem sjálfir annast flutning á úrgangi sínum á eyðingarstað greiði 50% af gjaldi viðkomandi flokks í gjaldskrá B.

Bæjarstjórn skipar aðilum í flokka.

Gjalddagi er 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Selfoss, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 201/1995 fyrir sorphirðu á Selfossi.

*Umhverfisráðuneytinu, 22. febrúar 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.